



Vökudeild

Félagsráðgjöf til foreldra

Veikindi nýbura

Fæðingarorlof og fæðingarstyrkur námsmanna

Foreldri sem fætt hefur barn ber samkvæmt lögum að taka fæðingarorlof að minnsta kosti fyrstu tvær vikur af ævi barnsins.

Foreldrar geta átt rétt á framlengingu orlofs ef leggja þarf nýbura inn á Vökudeild í fleiri en sjö daga vegna alvarlegs sjúkleika eða fötlunar sem krefst aukinnar umönnunar. Við fjölburafæðingu eiga foreldrar rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjú mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist lifandi. Réttur til framlengingar er sameiginlegur þannig að foreldrarir þurfa að koma sér saman um hvernig þau skipta dögum á milli sín.

Sótt er um framlengingu á fæðingarorlofi vegna veikinda barns á

www.faedingarorlof.is

1. Læknir sendir vottorð til Fæðingarorlofssjóðs við útskrift barns eða þegar sértækri umönnun barns lýkur.
2. Foreldrar tilkynna vinnuveitanda og Fæðingarorlofssjóði hvernig þeir ætli að ráðstafa lengingunni með því að fylla út eyðublaðið: Tilkynning um tilhögun fæðingarorlofs sem hægt er að sækja á vef Fæðingarorlofssjóðs.

Réttindi hjá vinnuveitanda

Hvort foreldri um sig á rétt á 12 veikindadögum vegna veikinda barns á ári.

Sjúkrasjóður stéttarféлага

Réttur til sjúkradagpeninga vegna veikinda er mismunandi eftir stéttarfélagum og því þarf að kynna sér hann vel. Mikilvægt að kynna sér umsóknarferli, dagsetningar og fylgigögn. Foreldrar óska eftir læknisvottorði frá þeim lækni sem sinnir meðferð. Vottorðið er skráð á nafn barns en nöfn foreldra koma fram.

Fæðingarstyrkur stéttarfélaga

Sum stéttarfélög eru með fæðingarstyrki þ.e. eingreiðslu vegna fæðingar barns. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Réttindi foreldra sem eru í lánshæfu námi hjá Menntasjóði námsmanna

- Foreldrar í lánshæfu námi geta átt rétt á auknu svigrúmi í námi ef alvarleg veikindi barns kalla á innlögn á sjúkrahús, eða sambærilega umönnun, þannig að hagir námsmannsins raskast verulega.
- Fylgigögn sem þurfa að berast: Framvísa þarf greinagóðu læknisvottorði um veikindi barns til Menntasjóðs námsmanna (www.lin.is).

Umönnunargreiðslur

Ef barn er innliggjandi í átta vikur eða lengur eða er með alvarlegan sjúkdóm eða fötlun sem krefst mikillar umönnunar foreldra, er hægt að sækja um umönnunargreiðslur barna hjá Tryggingastofnun (TR). Umönnunargreiðslur eru skattfrjálssar og óháðar öðrum tekjum foreldra. Sótt er um frá fæðingu barns.

Sótt er um umönnunargreiðslur á www.tr.is:

1. Foreldrar sækja um á „Mínum síðum“ (kennitala barns).
2. Óskað er eftir umönnunarvottorði hjá lækni.
3. Kannað er hvaða fylgigögn þurfa að fylgja með.

Vátryggingafélög

Fjölskyldutryggingar, barnatryggingar eða slysatryggingar geta komið til móts við foreldra sem missa tekjur vegna veikinda barna. Athuga þarf rétt sinn hjá viðkomandi tryggingafélagi.

Styrktarfélög

Ráðlagt er að kynna sér stuðningsúrræði hjá styrktarfélögum t.d. Umhyggju eða Neistanum.

Ferðakostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Hægt er að sækja um endurgreiðslur á ferðakostnaði til Sjúkratrygginga Íslands vegna innlagnar barns á Vökudeild ef það á lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Samhliða er hægt að fá vikulegar ferðir milli heimilis og sjúkrahúss endurgreiddar.

Sótt er um ferðakostnað á www.sjukra.is

1. Læknir útbýr ferðavottorð.
2. Ritari á Vökudeild staðfestir ferðir til læknis.
3. Foreldrar þurfa að skila inn staðfestingu á þessum ferðum ásamt kvittunum fyrir fargjaldi til umboðs Sí hjá sýslumanni í sínu umdæmi. Ef fjarlægðin er meiri en svo að keyrt sé daglega á milli, endurgreiða Sí 80% af kostnaði (með ákveðnu þaki) vegna gistingar í bænum meðan barn dvelur á spítalanum.

Gistikostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Ef þörf er á gistingu á höfuðborgarsvæðinu er yfirleitt fyrst athugað með gistingu á Sjúkrahótel Landspítala (www.landspitali.is). Læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sendir beiðni fyrir dvöl þar.

Barnspítalinn á auk þess nokkrar íbúðir sem foreldrar geta leigt meðan barnið þeirra dvelur á spítalanum. Hægt er að sækja um íbúð með því að senda tölvupóst á: mottakabh@landspitali.is. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í tölvupóstinum: Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, nafn barns, kennitala barns, fjöldi fullorðinna, fjöldi barna, tímabil og hvort þörf sé fyrir lyftuhúsnæði.

Ef sjúkrahótelid eða íbúð Barnaspítala Hringins eru ekki tiltæk, geta foreldrar athugað hvort stéttarfélag þeirra eigi íbúð sem hægt er að leigja.

Athugið að sækja þarf um flest þau félagslegu réttindi sem nefnd hafa verið hér að framan

Félagsráðgjafar á Barnaspítala Hringisins

Foreldrar geta óskað eftir tilvísun til félagsráðgjafa hjá sínum lækni eða hjúkrunarfræðingi. Félagsráðgjafar á barnaspítalanum styðja börn og fjölskyldur þeirra við að takast á við ýmsa erfiðleika vegna veikinda, álag sem getur fylgt veikindum og aðstæðum tengdum heilsufari. Þeir eru brú á milli spítalans og heimaumhverfis; fjölskyldulífs, heimilis og samfélags.

Frekari upplýsingar

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa á Barnaspítala Hringisins: felagsradgjof.barnspitali@landspitali.is eða í síma 543 1000.